

# NT

Föstudagur 12. júlí 1985

## LÚRIR ÞÚ Á FRÉTT? HRINGDU ÞÁ Í SÍMA 68-65-62

Við tökum við ábendingum um fréttir allan sólarhringinn. Greiddar verða 1000 krónur fyrir hverja ábendingu sem leiðir til fréttar í blaðinu og 10.000 krónur fyrir ábendingu sem leiðir til bitastæðustu fréttar mánaðarins. Fullrar nafnleyndar er gætt NT, Síðumúla 15, Reykjavík, sími: 686300, auglýsingar 18300  
Kvöldsímar: áskrift og dreifing 686300 • ritstjórn 686392 og 687695 • íþróttir 686495

Íslensk list í deiglu:

# „Menn voru orðnir þreyttir á að sjá bara Gullfoss og Geysi“

– einstæð  
sýning  
opnuð á  
Kjarvals-  
stöðum

■ „Menn voru orðnir þreyttir á að sjá bara Gullfoss og Geysi og fiskveiðar í kynningarritum um Ísland. Okkur fannst þörf á

að sýna eitthvað meira.“ sögðu aðstandendur Iceland Crucible,

viðamikillar kynningar á íslenskum nútímalistum, sem verður opnuð á Kjarvalstöðum á morgun, á fundi með fréttamönnum.

Iceland Crucible, eða Íslenski deiglu, er ætlað að kynna íslenska menningu meðal annarra þjóða, og á næsta ári er áformað að halda til Bandaríkjanna og Kanada. Kynning þessi skiptist í þrjá hluta, ljósmyndasýningu með 330 myndum af um 170 listamönnum úr öllum greinum, kvikmyndum um gróandann í íslensku listalífi og loks bók, þar sem birt er úrval mynda af sýningunni, auk þess sem Sigurður A. Magnússon skrifar um þróun lista hér á landi.

Tómas Holton forstjóri Hildu hf. er aðalhvatamaðurinn að kynningu þessari og fjármagnaði hann gerð kvikmyndarinnar og ljósmyndasýningarinnar. Ólafur Ragnarsson forleggjari í Vöku gefur bókina út. Ljósmyndirnar eru eftir rússneskan landflótta ljósmyndara Vladimir Sichov, sem hefur tekið

myndir fyrir tímarit austan hafs og vestan. Kvikmyndin er eftir tvo bandaríska kvikmyndagerðarmenn, Hal Calbom og Phil Davies, áttfalda Emmy-verðlaunahafa fyrir framúrskarandi sjónvarpsþætti í heimalandi sínu.

Ólafur Ragnarsson sagði að reynt hefði verið að líta á verkefnið sem eina heild, þannig að það þyrfti alla þættina þrjá til að segja alla söguna. „Síðan höfum við látið okkur detta í hug, að þegar farið verður að ferðast um með kynninguna, geti fjórði þátturinn verið sá, að listamennirnir komi á staðinn og sýni list sína,“ sagði Ólafur.

Vladimir Sichov tók 30 þúsund myndir fyrir verkefni þetta, bæði í svart-hvítu og lit, og heimsótti hann um 8 listamenn á dag á meðan á myndatökunum stóð. Hann sagði, að bók eins og Iceland Crucible, A Modern

Artistic Renaissance, eins og hún heitir fullu nafni, væri óska-verkefni hvers ljósmyndara, og sagðist hann ekki vita til þess, að sambærileg bók hefði verið gerð annars staðar í heiminum.

Hal Calbom sagði, að með gerð kvikmyndarinnar hefði m.a. vakað fyrir honum að draga fram það, sem Íslendingar ættu sameiginlegt með öðrum þjóðum, og það sem þeir ættu einir. „Mig langaði líka að koma til skila gifurlegum áhuga Íslendinga á listum,“ sagði hann.

Sýningin á Kjarvalstöðum verður opin til 28. júlí og á meðan á henni stendur, verður kvikmyndin sýnd tvisvar á dag.

Hér verður þó ekki staðar numið, því að á næsta ári kemur væntanlega út bók um gullaldar-bókmenntir Íslendinga, skrifuð af Magnúsi Magnússyni sjónvarpsmanni á Bretlandi.

■ Ólafur Ragnarsson bókaútfandi, Hal Calbom kvikmyndagerðarmaður og Sigurður A. Magnússon rithöfundur standa fyrir aftan Tómas Holton forstjóra og upphafsmann Íslenskrar deiglu.

NT-mynd: Sverrir

## Áfengisvarnarnefndir: Meðmæltar 6 nýjum vínveitingaleyfum

– nei við 17 umsóknum

■ Dómsmálaráðuneytið hefur gefið út sex vínveitingaleyfi síðan ákveðið var nýlega að taka fullt tillit til álits áfengisvarnarnefnda í viðkomandi bæjarfélögum. Í tveimur tilvikum voru leyfi veitt eftir að áfengisvarnarnefndirnar höfðu skipt um skoðun, og orðið fylgjandi leyfisveitingu.


Upplýsingar þessar fékk NT hjá Ólafi Walter Stefáns-

syni skrifstofustjóra dómsmálaráðuneytisins. Hann upplýsti enn fremur, að á síðustu dögum hefði ráðuneytið synjað sautján umsóknum vegna neikvæðrar afstöðu áfengisvarnarnefnda. Auk þess hefði nokkrum umsóknum verið synjað af öðrum ástæðum. Ellefu umsóknir bíða nú afgreiðslu.

Aðspurður um hvort vín-

veitingaleyfi yrði veitt, ef áfengisvarnarnefnd tiltekins bæjarfélags væri því meðmælt, en bæjarstjórn á móti, sagði Ólafur Walter, að það væri í lögum, að ekki mætti veita slíkt leyfi gegn vilja bæjarstjórnar. Ef þessu væri hins vegar öfugt farið, réði vilji áfengisvarnarnefndarinnar, samkvæmt nýju reglunum.

## Ódýrir og niðsterkir PLASTPOKAR á rúllum



Plastos hf.

BILDSHÖFÐA 10 SÍMI 82655

MARTIN

